

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi.**

### 1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á árlegt sorpgjald í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari.

### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	kr. 44.800
Frístundahús	kr. 18.270
Stærri býli	kr. 84.870
Minni býli	kr. 28.880
Fyrirtæki A	kr. 44.800
Fyrirtæki B	kr. 84.870
Fyrirtæki C	kr. 182.120

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjaldið er sem hér greinir:

Nautgripir	kr. 615 pr. stk.
Svín	kr. 270 pr. stk.
Hross	kr. 230 pr. stk.
Sauðfé	kr. 110 pr. stk.
Hænur	kr. 11,50 pr. stk.

### 3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir þar sem þeir eiga lögheimili.

### 4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er skv. gjaldskrá móttökuaðila. Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér gáma á vegum sveitarfélagsins skulu greiða sorpgjald skv. gjaldskrá.

Heimilt er að leggja álag á fyrirtækjagjald samkvæmt mati sveitarstjórnar á sorpmagni frá viðkomandi fyrirtæki, þannig að tryggt sé að gjaldið standi undir þjónustunni.

### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1324/2016.

*Samþykkt á 34. fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps, 3. desember 2019.*

**Björg Erlingsdóttir** sveitarstjóri.